



## **Kennari**

Jón Özur Snorrason (JÖZ)

## **Áfangalýsing**

Í áfanganum lesa nemendur og grúska í bókmenntasögu frá landnámi (874) til siðaskipta (1550) í samhengi við þróun hins nýja samfélags og sögu þess. Lögð er sérstök áhersla á hugtökin heiðni og kristni, munnmentir og ritöld og þau hvörf sem þessi skil valda. Nemendur lesa og greina úrval verka frá þessum tíma, kvæði, sögur og sagnfræði. Reynt verður að gera tengslum rithefðar og nútímans skil í lok áfangans með því að skoða hvernig hefðinni er haldið lifandi í nýrri listsköpun.

## **Markmið áfangans**

### **Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig samfélagsþróun og bókmenntaþróun haldast í hendur
- helstu kennileitum íslenskrar bókmenntasögu 874 til 1550
- formi og inntaki bókmenntaverka sem lesin eru og greind
- muninum á munnlegri varðveislu texta og ritmenningu
- eldri orðaforða miðaldabókmennta

### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrifa hagnýtan og/eða skapandi texta þar sem unnið er með efni miðaldabókmennta
- setja upp og ganga frá texta til birtingar með hliðsjón af formi og innihaldi
- nota myndmál, stílbrögð og blæbrigðaríkt mál í eigin tjáningu
- beita gagnrýninni og skapandi hugsun við úrvinnslu texta
- greina og túlka bókmenntatexta sér til aukins skilnings

### **Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á hlutverki sínu í varðveislu hefðar og nýsköpun hennar
- skilja sögulegt samhengi og fjölbreytni íslenskrar bókmennta
- geta sagt öðrum frá því sem hann hefur komist að
- tjá skapandi og rökstudda afstöðu sína til efnisins

## Námsefni

- Ármann Jakobsson. (2012). *Bókmenntir í nýju landi: Íslensk bókmenntasaga frá landnámi til siðaskipta*. Bjartur.
- *Eddukvæði*. (1999). Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Mál og menning.
- Valin íslensk sagnaritun frá miðöldum af vefsíðunni [snerpa.is](http://snerpa.is)
- Glærur og annað efni frá kennara.

## Námsmat

35% Bókmenntasaga. Nemendur vinna ýmis verkefni skriflega og munnlega.

25% Eddukvæði og Völuspá. Nemendur vinna skapandi leiktexta úr efninu til flutnings.

40% Sagnaritun á miðöldum. Styttri og lengri textar lesnir. Skrifleg og munnleg verkefni.

## Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Gert er ráð fyrir verkefnavinnu í kennslustundum og lestri heima. Rík áhersla er lögð á að mæta í kennslustundir þar sem innlögð fer fram.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með heimanámi, prófum og verkefnaskilum. Oftast má sjá slíkt í Innu en einnig er hægt að hafa samband við samnemendur eða kennara.
- Verkefni birtast í Innu og þar fara fram flest skil á verkefnum. Um munnleg skil er einnig að ræða. Eftir að skilabox lokar er ekki hægt að skila nema lögleg forföll hafi verið tilkynnt fyrir skiladag og í samráði við kennara.
- Gert er ráð fyrir fartölvunotkun. Símanotkun í tímum er ekki æskileg nema þess þurfi í tengslum við verkefni. Ekki er gert ráð fyrir því að nemendur vinni verkefni í síma.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög.

## Vinnuáætlun – haustönn 2023

| Dags.                       | Viðfangsefni   |
|-----------------------------|--|
| 18. ágúst                   | Efni og aðferðir áfangans kynntar.   |
| 21.- 25. ágúst              | Bókmenntir í nýju landi bls. 10 til 33. Völuspá I. til 17. erindi.             |
| 28. - 1. sept.              | Völuspá I. til 17. erindi. Bókmenntir í nýju landi bls. 34 til 53.             |
| 4. - 8. sept.               | Völuspá 18. til 45. erindi.  |
| 11. - 15. sept.             | Völuspá 46. til 63. erindi. Bókmenntir í nýju landi bls. 54 til 69.            |
| 18. - 22. sept.             | Völuspá. Uppgjör og lokaverkefni.  |
| 25. - 29. sept.             | Landnáma og Ylfinga saga Heimskringlu.   |
| 2. - 6. okt.                | Landnáma og Ylfinga saga Heimskringlu. Bókmenntir í nýju landi bls. 70 til 89. |
| 9. - 13. okt. + haustfrí    | Íslendingaþættir.  |
| 16. - 20. okt. + val og mið | Íslendingaþættir. Bókmenntir í nýju landi bls. 90 til 111.                     |
| 23. - 27. okt.              | Króka refs saga.   |
| 30. okt. - 3. nóv.          | Króka refs saga.   |
| 6. - 10. nóv.               | Króka refs saga.   |
| 13. - 17. nóv.              | Bókmenntir í nýju landi bls. 112 til 129. Valdar frásagnir úr Njáls sögu.      |
| 20. - 24. nóv.              | Valdar frásagnir úr Njáls sögu.  |
| 27. - 1. des. + dimmisjón   | Valdar frásagnir úr Njáls sögu. Íslensk rithefð og nútíminn.                   |
| 4. - 6. des.                | Íslensk rithefð og nútíminn.   |

18. ágúst 2023

Með fyrirvara um breytingar,

Jón Özur Snorrason

[jozur@fsu.is](mailto:jozur@fsu.is) eða [jonozur@gmail.com](mailto:jonozur@gmail.com)